



**ENDURSKOÐUN**  
**Bryndís Björk Guðjónsdóttir,**  
löggitur endurskoðandi og partner hjá PwC.

## Er endurskoðun 100% staðfesting



Félag löggiltra endurskoðenda

Mikilvægt er að skilja að óvissa getur ríkt um endanlega niðurstöðu ýmissa þátta sem settir eru fram í reikningsskilum.

**R**étt er að hafa í huga að stjórnendur bera ábyrgð

á reikningsskilunum en endurskoðandinn er ábyrgur fyrir því álit sem hann lætur í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar. Lesendur reikningsskila eru allt frá aðilum sem hafa upplýsingar frá fyrstu hendi til þeirra sem þurfa að treysta á réttmæti reiknings-skilanna og byggja ákvarðanatöku á þeim, án þess að hafa beina aðkomu að framsetningu þeirra. Dæmi um slíka aðila eru fjármálastofnanir og fjárfestar á markaði. Þessir aðilar treysta á áritun endurskoðandans sem veitir óháða staðfestingu á að reikningsskilin í heild gefi glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, efnahag þess í lok tímabilsins og breytingu á handbæru fé í samræmi við þær reikningsskilareglur sem stuðst er við.

Hafa þarf í huga að álit endurskoðandans er ekki trygging fyrir tiltekinni útkomu, heldur frekar staðfesting á faglegu mati endurskoðandans á þeim tíma sem reiknings-skilun eru sett fram. Það er ekki rétt að álykta sem svo að hver og einn liður endurskoðaðra reikningsskila hafi verið sannreyndur af endurskoðandanum og þess vegna 100% réttur. Svarið er því nei, endurskoðun er ekki 100% staðfesting á öllum liðum reikningsskilanna. Endurskoðandinn getur ekki staðfest með fullkominni vissu að reikningsskilin séu án annmarka. Allmargar ástæður eru fyrir þessu, t.d. er einfaldlega ekki hægt að telja allar skráurnar á lagernum, a.m.k. yrði það bæði dýrt og tímafrekt. Jafnframt getur veruleg óvissa ríkt um endanlega niðurstöðu ýmissa þátta í reikningsskilunum.

Það markmið að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna til þess að endurskoðandinn geti komist að niðurstöðu um að reikningsskilin séu án verulegra annmarka. Endurskoðendur vinna eftir endurskoðunarstöðlum þar sem nokkuð fastmótaðar reglur eru settar fram um skipulagningu og framkvæmd. Samkvæmt þeim ber endurskoðandanum að afla viðeigandi endurskoðunargagna vegna allra verulegra liða reikningsskilanna.

En hvað er þá verulegur liður reikningsskilanna og hvað markar verulegan annmarka sem getið er um í áritun endurskoðandans? Við skipulagningu endurskoðunarinnar skilgreinir endurskoðandinn mikilvægismörk sem viðmiðunarfjárhæð, þ.e. endurskoðandinn telur að skekkja undir þeirri fjárhæð sé ekki veruleg og myndi ekki hafa áhrif á ákvarðanatöku lesenda reikningsskilanna. Þetta er í raun sú fjárhæð sem segir til um hvað endurskoðandinn á við með orðalaginu „án verulegra annmarka“ í áritun sinni. Mikilvægismörk sem skilgreind eru við endurskoðun hafa veruleg áhrif á umfang hennar, annars vegar m.t.t. þess hvernig endurskoðandinn skilgreinir verulega liði í reikningsskilunum og hins vegar m.t.t. umfangs gagnaoöflunar. Ákvörðun mikilvægismarkna er því veigamikill þáttur í skipulagningu endurskoðunarinnar, þarf að vera vel ígrunduð og byggð á faglegu mati og þekkingu á starfsemi félagsins og því umhverfi sem það starfar í.

Mikilvægt er að skilja að óvissa getur ríkt um endanlega niðurstöðu ýmissa þátta sem settir eru fram í reikningsskilum, t.d. mat á verðmæti fasteignar í sölumæðferð. Endurskoðandinn fer yfir forsendur í mati stjórnenda og leggur mat á raunhæfni þeirra, m.a. með því að horfa til viðurkenndra matsaðferða, sögulegrar niðurstöðu og þekktra upplýsinga. Á þeim tímamarki sem reikningsskilin eru lögð fram getur endurskoðandinn ekki frekar en aðrir vitað með fullkominni vissu hver endanleg niðurstaða verður. Hins vegar skiptir miklu máli að reikningsskilin endurspegli þá óvissu sem ríkir og gerð sé viðeigandi grein fyrir verulegum óvissuþáttum. Endurskoðandinn getur talið ástæðu til að vekja athygli á mikilvægum atriðum í reikningsskilum með því að vísa til þeirra í ábendingarmálgrein í álitinu sínu. Ef endurskoðandinn telur reikningsskilin ekki veita viðeigandi upplýsingar um mikilvæg atriði setur hann fyrirvara í áritun eða veitir neikvætt álit, sama á við ef hann er ósammála mati stjórnenda og telur reikningsskilin innihalda verulega skekkju.

Þeir aðilar sem byggja ákvarðanir sínar á reikningsskilum ættu til viðbótar við góða þekkingu á fjárhagsupplýsingum og þeim reikningsskilareglum sem reikningsskilin eru byggð á að hafa skilning á hvað felst í þeirri staðfestingu sem endurskoðandinn veitir og jafnframt á mismunandi áritunum á reikningsskil.

**Birt í Viðskipta Mogganum fimmtudaginn 16. okt. 2014 bls. 12.**

Endurskoðun er áhættumiðað skipulagt ferli og hefur